

✉ Re: Bakka- og Skorholtsnáma - Beiðni um umsögn

Búið til	10.6.2021 13:07:43
Höfundur	Snorri Sigurðsson
Sent	10.6.2021 13:07:41
Tilheyrir	 202105-0031 - Bakka- og Skorholtsnáma, Hvalfjarðarsveit - Beiðni um umsögn

Efni

Re: Bakka- og Skorholtsnáma - Beiðni um umsögn

Upplýsingar

Sent	10.6.2021 13:07:41	Staða	Imported
Eigandi		Tímamörk	
Skjalalykill	42-0 Umsagnir almennt		
Lykilorð			

Vinnsla

Þátttakendur

Frá	Snorri Sigurðsson - NI (Snorri.Sigurdsson@ni.is)
Til	Grima.Eik.Karadottir@skipulag.is, Jakob.Gunnarsson@skipulag.is, skipulag@skipulag.is

Innihald

Góðan daginn,

Tilvísun í mál nr. 202105-0031 (SS, LA).

Vísað er í tölvupóst frá Skipulagsstofnun dags. 20. maí 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu að matsáætlun fyrir efnistöku úr Bakka- og Skorholtsnámu í Hvalfjarðarsveit.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir matsáætlunina og telur að tillagan gerir góða grein fyrir framkvæmdinni og umhverfi hennar. Náttúrufræðistofnun gerir ekki athugasemdir við þá umhverfisþætti sem matið á að taka til eða fyrirhugaðri gagnaöflun.

Efnistaka námanna er úr fornri óseyri frá síðjökultíma sem er hluti af mun stærri jarðfræðilegri heild sem má rekja í Melasveit og í Borgarfirði. Þó nokkrar rannsóknir og vísindagreinar hafa verið ritaðar um jöklaumhverfi Skorholtsmela og nágrennis í lok síðasta jökulskeiðs út frá setmyndunum sem þar finnast. Svæðið hefur því mikið vísindalegt gildi og vill Náttúrufræðistofnun benda á að við frágang á Skorholtsnámu sé full ástæða til að vernda jarðlagasnið þannig að hægt sé skoða innri gerð óseyrarmyndunarinnar.

Jákvætt er að mati Náttúrufræðistofnunar að stefnt sé að stækkun námu á þegar röskuðu svæði frekar en að opna nýja námu á öðrum stað með tilheyrandi raski. Áhrif á gróður og jarðveg verða minniháttar þar sem einungis túnlendi verður raskað sem hefur lágt verndargildi. Huga þarf þó vandlega að ásýndaáhrifum

þegar um svo stóra námu er að ræða nálægt fjölförnum þjóðvegi og mælist Náttúrufræðistofnun til þess að umgengni og frágangur í námunum sé til fyrirmyndar.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs / Head of Division, Nature Protection

.....
Náttúrufræðistofnun Íslands / Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8, 220 Garðabær.
Sími/Tel: (354) 5 900 500. www.ni.is (<http://www.ni.is/>)



NÁTTÚRUFRAÐISTOFNUN ÍSLANDS

From: "Gríma Eik Káradóttir - SLS" <Grima.Eik.Karadottir@skipulag.is>

To: "Móttaka - NI" <Mottaka@ni.is>

CC:

Subject: Bakka- og Skorholtsnáma - Beiðni um umsögn

Date: 20.5.2021 10:18:21

Daginn

Umsagnarbeiðni vegna - Bakka- og Skorholtsnáma

Sjá viðhengi.

Kv. Gríma Eik

Gríma Eik Káradóttir

skjalavörður, teymi rekstrar og þjónustu / Archivist

Skipulagsstofnun - National Planning Agency

Borgartún 7b, 105 Reykjavík, Ísland – Iceland

sími 595 4100

Grima.Eik.Karadottir@skipulag.is

www.skipulag.is

www.facebook.com/skipulagsstofnun

Viðhengi

image001.png (5 KB)

